

Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um rannsókn á aflandsfélögum.

Frá Birgittu Jónsdóttur.

1. Hefur verið stofnað til rannsóknar, af hálfu íslenskra yfirvalda, þ.e. lögreglu eða skatt-
yfirvalda, á uppruna fjár í aflandsfélögum? Ef svo er, hefur verið leitað liðsinnis erlendra
eða alþjóðlegra aðila á borð við Europol og Interpol við slíka rannsókn?
2. Telur ráðherra ástæðu til að veita viðeigandi yfirvöldum fullnægjandi fjármagn til slíkrar
rannsóknar?

Skriflegt svar óskast.